

Mánudaginn 13. júní 1960.

Nr. 126/1958. **Ákærvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)

gegn

John William Meadows (Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á mælingum gæzluflugvélarinnar Ránar 13. apríl 1958 og markað á sjóupprátt staði togarans eftir þeim mælingum.

Reyndist staður togarans kl. 1924 um 0.9 sm innan fiskveiðimarkanna, kl. 1925 um 0.7 sm og kl. 1932 um 0.9 sm.

Ákærði hefur jatað að hafa verið að veiðum með stjórnborðsvörpu togarans á þeim tíma, er mælingarnar voru gerðar.

Ákærði hefur því gerzt sekur við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952.

Refsing ákærða þykir með tilliti til þess, að 1724.21 pappírskrónur jafngilda nú 100 gullkrónum samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands, hæfilega ákveðin kr. 230.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað í héraði, eiga að vera óröskuð.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, John William Meadows, greiði kr. 230.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 8 mánaða varð-

hald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Ágústs Fjeldsteds, kr. 8000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. apríl 1958.

Ár 1958, þriðjudaginn 15. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Frikirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1616/1958: Ákærvaldið gegn John William Meadows, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er John William Meadows, skipstjóri á brezka togaranum Northern Pride, GY 169, til heimilis í 23 Braemar Road, Cleethorpes, Lincolnshire, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82 8. desember 1952 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara vestur af Vestmannaeyjum síðdegis sunnudaginn 13. þ. m. innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44/1948, og lög nr. 82/1952.

Ákæríst hann til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 11. júlí 1934 í Grimsby, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu fyrr hér á landi, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu Guðmundar Kjærnested, skipstjóra í þjónustu landhelgisgæzlunnar, eru málavextir þessir:

Sunnudaginn 13. þ. m. var gæzluflugvélin Rán á eftirlitsflugi fyrir vestan Þrídranga á austurleið.

Kl. 1904 var flogið í miðinu: Einidrang bar í N-brún á Hellis-

ey, fjarlægð í Einidrang um 10 sjóm. Um leið mældust nokkrir togarar um 45° á stb. í fjarlægð 3.5 til 4.0 sjóm.

Þar eð sýnt þótti, að hér mundi vera um fiskveiðibrot að ræða, var þegar farið að þeim togaranum, sem virtist vera grynnt, og gerðar á honum staðarákvarðanir. Er þeim var lokið, var þegar haldið að þeim næsta, sem reyndist vera Northern Pride, GY 169, og var hann með stb. vörpu úti og togaði VNV-læga stefnu.

Kl. 1924 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togaranum:

Þrídranga-viti			
Einidrangur	▽	>	$13^\circ 52'$
Geirfuglasker (miðjan)		>	$27^\circ 12'$

Um leið sást, að Einidrang bar í hæðina upp af Stakkavík. Gefur þetta stað togarans um 0.9 sjóm. fyrir innan fiskveiðitakmörkin.

Kl. 1927 er settur út belgur í kjölvatn togarans rétt við hann.

Kl. 1929 var gerð önnur staðarákvörðun yfir togaranum, sem togaði í V eða VNV-læga stefnu:

Þrídrangar	▽		
Einidrangur	▽	>	$13^\circ 19'$
Geirfuglasker (miðjan)		>	$26^\circ 18'$

Gefur þetta stað togarans um 0.6 sjóm. fyrir innan fiskveiðitakmörkin.

Kl. 1932 var gerð staðarákvörðun yfir belgnum, sem settur var út kl. 1927:

Þrídrangar	▽		
Einidrangur	▽	>	$13^\circ 54'$
Geirfuglasker (miðjan)		>	$27^\circ 00'$

Gefur þetta stað belgsins um 0.8 sjóm. fyrir innan fiskveiðitakmörkin.

Er þess getið, að togarinn GY 169 togaði rétt aftan við GY 344, Loyal, þegar hann var að hífa inn vörpuna, en hann var á eftirfarandi stað kl. 1916:

Þrídrangar	▽		
Einidrangur	▽	>	$14^\circ 09'$
Geirfuglasker (miðjan)		>	$28^\circ 04'$

Gefur það stað togarans um 0.9 sjóm, fyrir innan fiskveiðitakmörkin.

Um kl. 1930 var skotið að skipinu stöðvunarmerki, þar eð sýnt þótti, að skipið væri að fiska fyrir innan fiskveiðitakmörkin á þessum slóðum, en það bar ekki árangur.

Kl. 1959 og síðan af og til var skipið kallað upp í talstöð, en líka án árangurs.

Var þá beðið eftir komu v/s Alberts, en hann átti þá skammt eftir ófarið að togaranum.

Kl. 2043 kom v/s Albert að togaranum, þar sem hann var að ljúka við að taka inn vörpuna.

Var nú óskað eftir því, að v/s Albert færi með togarann til Reykjavíkur til frekari rannsóknar.

Þar sem veður fór nú óðum versnandi, fór flugvélin áleiðis til Reykjavíkur kl. um 2133.

Veður kl. 1900: V-kaldi, skýjað, skyggni um 20 sjóm.

Hornamælingar gerðu Guðmundur Kjærnested skipstjóri og Þröstur Sigtryggsson stýrimaður, hvor með sínum sextant, sem þeir lásu báðir af, en loftskeytamaðurinn, Garðar Ingi Jónsson, gerði ratsjárathuganir. Flugstjórinn, Guðjón Benedikt Jónsson, gaf merki um, hvenær flugvélin var beint uppi yfir togaranum og belgnum. Flughraði við mælingar var um 100 sjómíllur á klukkustund, og flughæð yfir togaranum 400—500 fet, en yfir belgnum 200—300 fet. Allir hafa þessir menn staðfest sem vitni og með eiði mælingarnar og að skilyrði til mælinganna hafi verið góð, mælistaðir greinilegir. Loftskeytamaðurinn og stýrimaðurinn köstuðu út belgnum. Sáu stýrimaðurinn og skipstjórinn hann á sjónum, 5—6 skipslengdum aftan við togarann, og flugstjórinn sá hann einnig á sjónum, skammt aftur undan togaranum, í næsta aðflugi að togaranum, eftir að belgnum var kastað út. Í belgnum var trolltvinastjóri (rúlla) og á honum akker, ca 5 kg að þyngd.

Skýrsla Jóns Jónssonar, skipstjóra á v/s Albert, er á þessa leið:

Sunnudaginn 13. þ. m. var v/s Albert við gæzlu á netasvæði Vestmannaeyjabáta. Kl. 1921 kallaði flugvél landhelgisgæzlunnar, „TF-RÁN“, er var stödd vestur af Einidrang við mælingar á skipum við meintar ólöglegar fiskveiðar. Var þegar haldið flugvélinni til aðstoðar.

Kl. 2000 var staður varðskipsins: Þrídrangur \neq Einidrang \neq Geirfluglaskersvita 80° 32'. Var þaðan haldið í áttina að flugvélinni, sem sveimaði yfir togaranum. Kl. 2023 skaut flugvélin grænu

blysi yfir togaranum Northern Pride, GY 169, sem reyndist vera í 3.8 sjómílna fjarlægð frá varðskipinu.

Var þá haldið að togaranum, sem togaði SV-læga stefnu. Kl. 2035 var sett upp stöðvunarkerki. Kl. 2043 stöðvað við hliðina á togaranum Northern Pride, GY 169, sem var að ljúka við að taka inn stb. vörpu sína. Kallað var yfir til skipstjóra togarans, að varðskipið mundi senda bát yfir til þeirra. Setti þá togarinn á fulla ferð í SV-læga stefnu. Hóf þá varðskipið tafarlaust eftirför og skaut tveimur lausum skotum að togaranum. Kl. 2050 gaf togarinn merki með eimflautu sinni, að hann næmi staðar. Setti varðskipið þá út bát og sendi menn yfir í togarann, og var skipstjóra togarans tilkynnt, að hann væri tekinn fyrir meint fiskveiðibrot samkvæmt mælingum gæzluflugvélarinnar. Enn fremur var skipstjóra togarans tilkynnt, að hann yrði að fylgja varðskipinu til Reykjavíkur, þar sem mál hans yrði tekið til frekari rannsóknar.

Kl. 2112 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Þrídrangar í r/v 084°, fjarlægð 11.9 sjómíllur. Álseý, fjarlægð 12.0 sjómíllur, sem gefur stað togarans um 1.2 sjómílu utan fiskveiðitakmarkanna. Samkvæmt beiðni skipstjóra togarans var beið, meðan hann gerði sjóklárt. Kl. 2235 var haldið af stað með togarann til Reykjavíkur. II. stýrimaður v/s Alberts ásamt einum háseta voru hafðir á verði í togaranum. Kl. 1010 hinn 4. þ. m. var komið með togarann á ytri höfnina í Reykjavík.

Veður: SV hvassviðri, talsverður sjór, él.

Þessa skýrslu hefur skipstjórinn á varðskipinu staðfest með eiði, og hefur ákærði enga athugasemd gert við hana.

Ákærði viðurkennir að hafa verið að botnvörpuveiðum, þegar flugvélinar bar að, og hefur lýst því yfir, að hann geri eigi athugasemdir við annað í skýrslu landhelgisgæzlunnar en staðarákvarðanirnar. Heldur hann því fram, að þær séu rangar, og kveðst sannfærður um að hafa verið utan fiskveiðitakmarkanna. Fyrr á sunnudaginn kveðst hann hafa verið á veiðum dýpra, en hafa fært sig í áttina til lands undir rökkrið, vegna þess að fiskur grynni á sér á þeim tíma dags. Var hann kominn á þessar slóðir, um þremur klukkustundum áður en flugvélinar bar að. Þegar hann kastaði, kveðst hann hafa mælt fjarlægðir til Einidrangs og Geirfuglaskers og hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að hann væri 12½ sjómílu NNV af skerinu. Frá þessum stað togaði hann síðan NVaN ½ N — lítið eitt breytilega þó — samfleytt, þar til flugvélin kom yfir skipið, og var þetta því fyrsta togið á þess-

um slóðum. Kveðst hann, meðan á toginu stóð, hafa fylgzt með því í ratsjánni, að hann væri utan fiskveiðitakmarkanna. Engum belg sá hann kastað úr flugvélinni, en sá þaðan kastað ljósmærki. Þá nam hann staðar og gerði staðarmælingu með ratsjánni. Var þá fjarlægðin í Geirfuglasker 18 sjómíllur, en í Einidrang 11.2 sjómíllur. Hefur hann merkt þenna stað aðeins utan fiskveiðitakmarkanna á korti sínu. Hann var einn um mælingar sínar. Heldur hann því fram gagnstætt gæzlumönnunum í flugvélinni, að þegar flugvélin kom, hafi skyggni verið svo slæmt, að stundum hafi eyjarnar ekki sézt, en þess á milli grillt í þær. Ástæðuna til þess, að ákærði reyndi að komast undan varðskipinu, segir ákærði hafa verið þá, að hann hafi talið, að varðskipsmenn hefðu engan rétt til að fara um borð í togarann og hann sjálfur væri í sínum rétti.

Undir rannsókn málsins voru dómkvaddir tveir kunnáttumenn til að athuga ratsjár flugvélarinnar og togarans. Reyndust ratsjár flugvélarinnar og annað tæki togarans vera í mjög góðu lagi, og kveðst ákærði einmitt hafa notað það tæki.

Með mælingum landhelgisgæzlumanna í flugvélinni telur dómurinn sannað gegn staðhæfingu ákærða, að hann hafi í umrætt skipti verið á þeim stöðum, sem mælingar gæzlumannanna sýndu, og að botnvörpuveiðum var hann, svo sem viðurkennt er.

Varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru. Samkvæmt þeim refsíákvæðum, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 620.43 brúttó rúmlestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgis-sjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skulu allur aflí og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Northern Pride, GY 169, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Ágúst's Fjeldsteds, kr. 2000.00.

Dóm þenna kvað upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, John William Meadows, greiði 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mán-

uði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Northern Pride, GY 169, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Ágústs Fjeldsteds, kr. 2000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. júní 1960.

Nr. 157/1959. **Kristinn Sigurðsson** (Jón S. Hjaltason hdl.)

gegn

stjórnarmönnum Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, þeim Jóhanni Sigfússyni, Sighvati Bjarnasyni, Jónasi Jónssyni, Haraldi Hannessyni og Guðjóni Jónssyni, fyrir hönd Vinnslustöðvarinnar (Gunnar Möller hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús P. Toríason prófessor.

Félagsréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að viðurkenndur verði réttur hans sem sameiganda annarra félagsmanna í félaginu Vinnslustöðinni hinn 17. desember 1959 að öllum eignum félagsins, föstum og lausum. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu fyrir hönd félagsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-